

Bæjarráð Akureyrar  
Formaður: Guðmundur Baldvin Guðmundsson  
Afrít: Halla Björk Reynisdóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

08.október 2018

### **Erindi: Beiðni um fjármagn vegna framtíðaruppbyggingu á félagssvæði KA**

Með vísan til umræðna um framtíðaruppbyggingu á félagssvæði Knattspyrnufélags Akureyrar (KA) við Dalsbraut og þeirra kynningarfunda sem hafa átt sér stað með bæjaryfirvöldum á Akureyri að undanfögnu, óskar KA eftir 3 milljón króna fjárframlagi til að vinna frumkostnaðaráætlun um uppbyggingu á félagssvæði KA og til stofnunar á sjálfseignarfélagi um framkvæmdir á félagssvæði KA við Dalsbraut.

Frumkostnaðaráætlun mun fela í sér skýrslu með greiningu á helstu kostnaðarþáttum við uppbyggingu mannvirkja, mögulega fermetraþörf, skýringarmyndir og nýtingargreiningu með tilliti til samlegðaráhrifa íþróttagreina á Akureyri. Stefnt er að því að skýrslan verði tilbúin um áramót 2019.

Forsvarsmenn KA lýsa sig jafnframt reiðubúna til að mæta á þá fundi þar sem uppbyggingaráform KA eru til umræðu og gera nánari grein fyrir hugmyndum félagsins og framtíðarsýn.

Virðingarfyllt  
F.h. Aðalstjórnar KA



Ingvar Már Gíslason  
Formaður KA